

Ed.

588. Nefndarálit

[169. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

Frá meiri hl. samgöngunefndar.

2. gr. þessa frv. fjallar um að flytja ákvæði laga nr. 119 frá 28. des. 1950, um stjórn flugmála, inn í loftferðalög. Hér er um að ræða heimildarákvæði fyrir samgönguráðherra um veitingu flugrekstrarleyfa. Við teljum að núverandi samgönguráðherra hafi notað þessa heimild á þann hátt að löggjafinn ætti að endurskoða þessi ákvæði og hafa bein eða óbein áhrif á ákvarðanir um veitingu þessara leyfa. Til þess að undirstrika þessa skoðun okkar munum við greiða atkvæði gegn því að setja þetta ákvæði í loftferðalög.

Alþingi, 5. apríl 1982.

Eiður Guðnason,
form.

Egill Jónsson,
fundaskr.
Guðmundur Karlsson.

Lárus Jónsson,
frsm.